

## REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 972/2011 um framkvæmd viðurlaga í tengslum við kerfi um auðkenningu og skráningu nautgripa samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000.**

1. gr.

Í stað núgildandi fylgiskjals kemur nýtt fylgiskjal sem birt er með reglugerð þessari.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli, 17. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., og 29. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 1. febrúar 2012.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

---

*Baldur P. Erlingsson.*

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 494/98**

frá 27. febrúar 1998

**um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 820/97 að því er varðar beitingu vægustu stjórnsýsluviðurlaga í tengslum við kerfi um auðkenningu og skráningu nautgripa**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

Ef ekki er hægt að sanngreina dýr innan tveggja virkra daga skal því fargað tafarlaust undir eftirliti heilbrigðisfyrvalda á sviði dýra og dýraafurða og án bóta frá lögbæru yfirvaldi.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Með tilliti til tímaáætlunar fyrir beitingu reglugerðar (EB) nr. 820/97, er brýnt að þessi reglugerð öðlist þegar gildi.

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 820/97 frá 21. apríl 1997 um kerfi vegna auðkenningar og skráningar á nautgripum og merkingar á nautakjöti og afurðum úr því<sup>(1)</sup>, einkum e-10. gr.,

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um Þróunar- og ábyrgðarsjóð evrópsks landbúnaðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*að teknu tilliti til eftirfarandi,**1. gr.*

Samkvæmt 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 820/97 skulu öll viðurlög sem aðildarríkin beita vera í samræmi við alvarleika brotsins en í rökstuddum tilvikum mega viðurlögin fela í sér takmörkun á flutningum á dýrum að eða frá bújörð þess umsjónarmanns sem um ræðir.

1. Ef eitt eða fleiri dýr á bújörð uppfylla ekkert þeirra ákvæða sem mælt er fyrir um í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 820/97 skal setja takmarkanir á flutninga á öllum dýrum að og frá þeirri bújörð.

Viðurlögum, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, skal beitt þegar skilyrði um auðkenningu og skráningu nautgripa hafa ekki verið uppfyllt og það leiðir til þeirrar ályktunar að ákvæði heilbrigðislöggjafar Bandalagsins um dýr og dýraafurðir hafi líklega verið brotin og það geti skapað hættu fyrir heilbrigði manna og dýra. Viðurlög eru einnig nauðsynleg til að tryggja viðeigandi fjármögnun og starfrækslu þessa kerfis.

2. Ef umsjónarmaður dýrs getur ekki sanngreint dýrið innan tveggja virkra daga skal því fargað tafarlaust undir eftirliti heilbrigðisfyrvalda á sviði dýra og dýraafurða og án bóta frá lögbæru yfirvaldi.

*2. gr.*

Með hliðsjón af annarri málsgrein 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 820/97, skal í þessari reglugerð mæla fyrir um vægustu stjórnsýsluviðurlög og skapa aðildarríkjunum möguleika til þess að koma á öðrum innlendum stjórnsýslu- og refsiviðurlögum sem taka mið af alvarleika brotanna.

1. Ef um er að ræða dýr sem uppfylla ekki að öllu leyti kröfur um auðkenningu og skráningu sem mælt er fyrir um í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 820/97 skal tafarlaust setja takmarkanir á flutninga á viðkomandi dýrum þar til kröfurnar hafa verið uppfylltar að fullu.

Nauðsynlegt er að mæla fyrir um viðurlög varðandi tiltekna aðstæður þar sem ákvæði reglugerðar (EB) nr. 820/97 eru ekki uppfyllt. Undir slíkar aðstæður fellur það þegar allar eða einhverjar kröfur að því er varðar auðkenningu og skráningu, greiðslu gjalda og tilkynningar eru ekki uppfylltar. Ef fjöldi dýra á tiltekinni bújörð, þar sem kröfur um auðkenningu og skráningu, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 820/97, eru ekki uppfylltar að öllu leyti, fer yfir 20% skulu ráðstafanirnar taka til allra dýra á bújörðinni.

2. Ef fjöldi dýra á einni bújörð, þar sem kröfur um auðkenningu og skráningu, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 820/97, eru ekki uppfylltar að öllu leyti, fer yfir 20% skal tafarlaust setja takmarkanir á flutninga á öllum dýrum á þeirri bújörð.

Að því er varðar bújarðir með 10 dýr eða færri gildir þessi ráðstöfun þó aðeins ef fleiri en tvö dýr eru ekki að öllu leyti auðkennd í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 820/97.

<sup>(1)</sup> Stjótið. EB L 117, 7.5.1997, bls. 1.

3. gr.

Ef umsjónarmaður greiðir ekki gjaldið sem um getur í 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 820/97 geta aðildarríkin frestað eða neitað að gefa út vegabréf fyrir hann. Í tilvikum þar sem um er að ræða viðvarandi vanrækslu af hálfu umsjónarmanns við að greiða þetta gjald geta aðildarríkin einnig sett takmarkanir á flutninga á dýrum að og frá bújörð hans í samræmi við 21. gr. þeirrar reglugerðar.

4. gr.

1. Ef umsjónarmaður tilkynnir ekki lögbærum yfirvöldum um flutninga að og frá bújörð sinni, í samræmi við annan undirlið

1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 820/97, skal lögbært yfirvald setja takmarkanir á flutninga á dýrum að og frá þeirri bújörð.

2. Ef umsjónarmaður tilkynnir ekki lögbærum yfirvöldum um fæðingu eða dauða dýrs, í samræmi við annan undirlið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 820/97, skal lögbært yfirvald setja takmarkanir á flutninga á dýrum að og frá þeirri bújörð.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. mars 1998.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. febrúar 1998.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*